



<b>Viðtakandi</b>	Atvinnuveganefnd	<b>Dagsetning</b>	31. maí 2024
<b>Sendandi</b>	Matvælaráðuneytið	<b>Málsnúmer</b>	MAR23110100
		<b>Tilgangur</b>	Til upplýsingar

## Viðbrögð matvælaráðuneytisins við innsendum umsögnum við frumvarp til laga um lagareldi

Þann 23. apríl sl. mælti matvælaráðherra fyrir frumvarpi til laga um lagareldi á Alþingi (þingskjal 1376-930. mál). Málinu var vísað til atvinnuveganefndar þann 24. apríl og var frestur veittur til að skila inn erindum og umsögnum til 8. maí.

Með erindi, dags. 22. maí sl., óskaði nefndin eftir viðbrögðum matvælaráðuneytisins við innsendum umsögnum sveitarfélaga, opinberra aðila og Magna lögmanna.

Í samræmi við framangreint er í minnisblaði þessu reifuð helstu viðbrögð matvælaráðuneytisins. Uppsetning minnisblaðsins er þannig háttáð að fyrst er farið yfir umsagnir sveitarfélaga, svo umsagnir sveitarfélaga og að endingu umsögn Magna lögmanna. Til hægðarauka hefur umsögnum sveitarfélaga verið skipt upp í einstaka efnisatriði.

### Sveitarfélög

#### Gildistími rekstrarleyfa

Vesturbyggð/Táknafjörður telur óvarlegt að rekstrarleyfi til sjókvældis verði gerð ótímabundin líkt og 33. gr. kveður á um. Tímalengd leyfa þurfi vissulega að vera með þeim hætti að það borgi sig fyrir rekstraraðila að leggja í þann kostnað sem fylgir uppbyggingu og þróun atvinnugreinarinnar. Það á þó ekki að vera ávísun á ótímabundin leyfi, enda er verið að nýta staðbundnar auðlindir sem eru sameign íslenskrar þjóðar og lífæð sveitarfélaga á viðkomandi svæðum.

Byggðaráð Múlabings telur það varhugavert að rekstrarleyfi verði ótímabundin og mikilvægt að hafa ákveðið tímaviðmið rekstrarleyfa í starfsemi lagareldis.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra telja skynsamlegra að gefa út rekstrarleyfi til nokkurra ára í senn og þegar endurnýjun færi fram, þá þurfi viðkomandi eldisfyrirtæki að fara í gegnum leyfisveitingaferlið upp á nýtt. Þannig væri hægt að skoða ítarlega starfsemi fyrirtækisins og vinna betur í anda frumvarpsins.

Byggðaráð Húnaþings vestra gerir alvarlegar athugasemdir við að rekstrarleyfi verði ótímabundin líkt og fram kemur í 33. gr. og telja eðlilegt að leyfi sem þessi séu gefin út til ákveðins árafjöldi í senn. Við endurnýjun leyfis þurfi lagareldisfyrirtæki að fara í gegnum leyfisveitingaferlið að nýju sem gefur tækifæri til grandskoðunar á starfseminni sem að mati ráðsins er nauðsynlegt til að auka líkur á að markmið frumvarpsins náist. Þó að í frumvarpinu séu settar fram heimildir til afturköllunar leyfa þá er slík aðgerð afar íþyngjandi, tímafrek og krefst mikils eftirlits. Vandséð er að núverandi eftirlitskerfi hefði burði til slíkra aðgerða.

Húnabyggð leggst alfarið gegn því að rekstrarleyfi verði ótímabundin.

Að beiðni atvinnuveganefndar hefur matvælaráðuneytið nú þegar kynnt tillögur að útfærslum á 33. gr. frumvarpsins. Erindið má finna [hér](#). Þar koma fram þjáfar útfærslur að tímabindingu rekstrarleyfa. Á það

er bent í erindinu að samhliða mögulegum breytingum á ákvæðinu er mikilvægt að lítið sé til þess hvaða áhrif það geti haft á önnur ákvæði frumvarpsins.

#### Fjór lax og kynþroska lax

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Byggðaráð Húnaþings vestra leggja á það ríka áherslu að sett verði ákvæði í frumvarpið þess efnis að innan 10 ára verið með öllu óheimilt að rækta frjóan lax í opnum sjókvíum. Þannig væri verið að minnka til muna áhættuna af eldinu og gætt betur að markmiðum frumvarpsins um verndun villtra laxastofna.

Húnabyggð telur að í frumvarpinu þurfi að leggja til bann við eldi á frjóum laxi. Í athugasemdum við einstakar greinar gerir Húnabyggð athugasemd við 61. gr. og leggur til að óheimilt verði ala kynþroska lax. Húnabyggð leggur jafnframt til að allir eldisfiskar verði örmerktir svo betur megji greina þá frá villtum laxi.

*Við vinnu við stefnumótunina og gerð frumvarpsins voru skoðaðir ýmsir möguleikar m.t.t. umhverfissjónarmiða, dýravelferðar og framtíðarmöguleika greinarinnar. Ein af þeim leiðum sem voru skoðaðar var notkun á ófjóum laxi. Við frekari skoðun var talið að ekki væri heppilegt að skilyrða rekstrarleyfi við notkun á þeirri aðferð þar sem hún hefur ekki verið prófuð á stórum skala. Þá kunnist að koma til aðrar aðferðir sem hafi víðari jákvæð áhrif hvað varðar umhverfisþætti sem æskilegra væri að notaðir væru. Engu að síður er í frumvarpinu að finna ýmsa hagræna hvata sem beinast að eldi á ófjóum laxi, sbr. t.d. 52. og 76. gr. frumvarpsins*

#### Smitvarnarsvæði

Vesturbyggð/Tálknafjörður fagna þeirri afmörkun smitvarnarsvæða sem boðuð er í IV. kafla frumvarpsins og telja að þar sé reynsla annara þjóða nýtt á skynsamlegan hátt. Í athugasemd við 39. gr. leggst Húnabyggð gegn því að heimilt sé að framselja eða flytja laxamagn á milli smitvarnarsvæða.

Vestfjarðastofa telur að afmörkun smitvarnarsvæða geti leitt til þess að einn aðili yrði á Vestfjörðum og einn á Austfjörðum í sjókvíaeldi og því þurfi að skoða áhrif þess út frá samkeppnissjónarmiðum og stöðu sveitarfélaganna. Skapast getur mikið ósamræmi vegna valdahlutfalla fyrirtækjanna og getur verið flókið að leysa. Stjórnvaldsaðgerðir eigi ekki að stuðla að óeiningu um veigamikil mál eins úthlutanir innan smitvarnarsvæða. Enn fremur verði að benda á þá óvissu vegna bráðabirgðaákvæðis II sem tengist þessari grein. Takist ekki að semja fyrir 2028 um skiptingu smitvarnarsvæða, verða öll leyfi á svæðinu felld úr gildi með fylgjandi róti og óvissu.

*Matvælaráðuneytið telur mikilvægt að ákvæði frumvarpsins um smitvarnarsvæði verði innleidd. Að öðrum kosti er verið að taka of mikla áhættu m.t.t. smitsjúkdóma og sníkjudýra sem getur haft verulegar afleiðingar á bæði umhverfisþætti og dýravelferð. Óbreytt ástand felur í sér rekstrarlega áhættu fyrir fyrirtæki og samhliða því eykst hættu á áföllum fyrir þau samfélög sem byggja afkomu sína á sjókvíaeldi. Tvö nýleg dæmi varpa skýru ljósi á þetta, en útbreiðsla blóðþorra á Austfjörðum og lúsafaraldurs í Patrekstíri má rekja til þess að ekki var nægilega gætt að afmörkun smitvarnarsvæða og ábyrgð einstakra aðila innan þeirra.*

*Að því er varðar flutning heimilda milli smitvarnarsvæða þá byggja þau ákvæði frumvarpsins einkum á umhverfissjónarmiðum og skilvirkni nýtingu heimilda. Í dag er staðan sú að framleiðsluheimildir í fjóum laxi eru bundnar við tiltekið svæði og leyfi en með tillögum frumvarpsdraganna yrði heimilt að nýta framleiðsluheimildirnar, þ.e. laxahlutinn og þar með laxamagnið, á öðru smitvarnarsvæði. Hér mætti hugsa sér tilfelli þar sem komið hefur upp t.d. blóðþorrasmit eða alvarlegt lúsasmit, að þá væri hægt að hvíla slík svæði í lengri tíma en ella og nýta framleiðsluheimildirnar annarsstaðar á meðan, hvort sem*

er með flutningi, framsali eða leigu. Í því tilfalli færu saman umhverfis-, dýravælfærðar- og rekstrarsjónarmið.

### Sektir

Í umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga kemur fram sú skoðun að eðlilegt megi teljast að sjókvíaeldissveitarfélög fái hlutdeild í sektum sem lagðar eru á, til að mæta neikvæðum áhrifum umræddra brota eða refsiaðgerða á hag eða umhverfi viðkomandi sveitarfélags.

*Matvælaráðuneytið bendir á að um sektargreiðslur í fiskeldi gildi það sama og í öðrum lagabálkum, þ.e. að sektargreiðslur sem lagðar eru á af sjórnvöldum renna til ríkissjóðs.*

### Lús

Húnabyggð telur að herða þurfi reglur um lús þannig að villtum stofnum stafi ekki hætta af og veita þurfi eftirlitsaðilum heimildir til að slátra fiski ef gildi fara yfir 0,1 kvenlús að meðaltali á hverjum fiski en slíkt þurfi jafnframt að leiða til skerðingar á framleiðsluheimildum.

*Matvælastofnun hefur um langa hríð fylgst náið með stöðu sníkjudýra í sjókvíaeldi á Íslandi og var í nánu samtali við matvælaráðuneytið við samningu frumvarpsins. Að frumkvæði Matvælastofnunar kom útfærsla að fyrirkomulagi til að stemma stigum við útbreiðslu sníkjudýra. Við samningu frumvarpsins var farin sú leið að lögfesta ekki hámarksviðmið um lús heldur að þau yrðu ákveðin í reglugerð. Til þess að skýra betur hvernig fyrirhugað lúsakerfi gæti virkað í framkvæmd var að loknu samráði á samráðsgátt sjórvalda bætt við athugasemd við 58. gr. frekari skýringum um hvernig kerfið gæti verið sett fram í reglugerð. Þá liggur hugmynd að útfærslu kerfisins fyrir í minnisblaði Matvælastofnunar sem sent var atvinnuveganefndar. Það minnisblað má finna [hér](#).*

### Strok

Húnabyggð telur að setja þarf skilyrðislaust bann við stroki úr sjókvíum og afleiðingar þurfi að vera óafturkræf svipting rekstrarleyfa. Fjársektir vegna stroks verji bara opinbera aðila en ekki veiðifélög eða landeigendur sem verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna stroka. Atburðir síðasta hausts sýna svo ekki verður um villst að verulegur kostnaður fylgir því að leita að og veiða strokulaxa í ám. Með sama hætti tala SSNV og Húnabing vestra um fjársektir.

*Í frumvarpinu er að finna nýmæli í 46. gr. þar sem tekinn er allur vafi af því að strok er bannað. Í háum sektarjánhæðum fyrir strok felst fælingamáttur og þar með hvati fyrir rekstraraðila til að bæta innra eftirlit og frammistöðu sína. Við ákvörðun á því hver jánhæð sekta skyldu vera fyrir strok var horft til þriggja atriða. Í fyrsta lagi var litið til þess að áhrif stroks kunna að fela í sér umhverfisjón; þannig getur eldislax blandast stofni villtra laxa og haft skaðleg áhrif á framgang stofnsins. Í öðru lagi var horft á að áhrif stroks kunna að valda veiðréttarhöfum jánhagslegu- og eignarjóni; framangreint umhverfissjón getur þannig rýrt möguleika veiðiréttahafi til að seja veiðileyfi. Í þriðja lagi var horft á að áhrif stroks kunna að fela í sér jánhagslegt- og eignarjón hjá öðrum rekstrarleyfishöfum auk þjóðhagslegs- og samfélagsjóns vegna lækunar heimilda.*

*Um kostnað vegna aðgerða þegar kemur að stroki er fjallað í 4. mgr. 44. gr. og 3. mgr. 45. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að rekstrarleyfishafi skuli greiða allan kostnað Matvælastofnunar og annarra sjórvalda vegna nauðsynlegra aðgerða er tengjast stroki. Í því felst að Matvælastofnun myndi*

ákvarða hvað tejist nauðsynlegar aðgerðir og hafa yfirumsjón með þeim. Standi veiðiréttarhafi í slíkum nauðsynlegum aðgerðum, í samráði við sjórnvöld, gæti hann innheimt kostnað sem af þeim hlýst hjá Matvælastofnun. Endanlegan kostnað Matvælastofnunar eða annarra sjórnvalda myndi rekstraraðili svo greiða.

*Framleiðslugjald og sjóðir:*

Samband Íslenskra sveitarfélaga telur æskilegt að hærra hlutfall tekna af framleiðslugjaldi renni til samfélagssjóðsins og verði til úthlutunar fyrir sveitarfélög. Erfitt sé fyrir sveitarfélög að átta sig á því hversu mikið kemur í þeirra hlut á meðan drög að reglugerð skv. 6.mgr. 81.gr liggja ekki fyrir. Á sömu nótum tala Fjarðabyggð, Ísafjarðarbær, Múlabing og Vesturbyggð/Tálknafjörður. Fjarðabyggð varar við því að reiknireglur um skiptingu byggja á of flóknum og óskilgreindum forsendum.

Vestfjarðarstofa telur að hvatakerfi frumvarpsins eiga ekki að skerða samfélagssjóðinn, öllu frekar umhverfissjóðinn enda hafi samfélagssjóðurinn það hlutverk að styrkja sjókvíaeldissamfélögin og atvinnulíf á svæðinu. Vestfjarðarstofa tekur fram að í stjórn umhverfissjóðs eigi að sitja aðilar sem hafa með sjókvíaeldi að gera og búa yfir sérþekkingu á umhverfismálum og telur að Landsamband veiðifélaga ekki eiga erindi í fjögurra manna stjórn sem þurfi á sérþekkingu á lífríki vatna og hafs að halda.

*Matvælaráðuneytið hefur verið í ítarlegu samráði við sjókvíaeldissveitarfélögin og hafa verið reifaðar ýmsar útfærslur. Að endingu varð sú útfærsla ofan á að við útreikning á skiptingunni verði í fyrsta lagi litið til hlutdeildar sjókvíaeldis innan hvers landshluta í heildargjaldstofni til álagningar gjalds. Þegar hlutfall hvers landshluta hefur verið reiknað út skal því næst reikna skiptingu úthlutunanjár milli sjókvíaeldisbyggða samkvæmt nánari fyrirmælum sem sett verða í reglugerð. Matvælaráðuneytið bendir þó á, líkt og kemur fram í kafla 3.1.13 í greinargerð með frumvarpinu, að gengið verði út frá því við setningu fyrstu reglugerðar að skiptingin milli sjókvíaeldisbyggða muni grundvallast á iðjöldu starfsmanna sem vinna með beinum hætti við sjókvíaeldi í hverri sjókvíaeldisbyggð*

*Áfram er miðað við að um þriðjungur gjaldsins renni til sjókvíaeldisbyggða, líkt og í lögum um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóðs nr. 89/2019.*

*Eftirlit:*

Múlabing telur mikilvægt að reglulegt eftirlit með starfseminni byggist upp sem næst lagaeldinu og skapi þannig bæði aukin störf í nærumhverfi starfseminnar og tryggi einnig stuttan viðbragðstíma. Undir þessi sjónarmið taka Fjarðabyggð, Vesturbyggð/Tálknafjörður og Ísafjarðarbær í sínum umsögnum.

*Matvælaráðuneytið bendir á að um Matvælastofnun gilda lög nr. 30/2018. Í þeim kemur m.a. fram að það sé hlutverk hennar að vinna að samræmingu og skilvirkni opinbers eftirlits á starfssviði stofnunarinnar. Stofnunin er sjálfstæð og er það forsjóri hennar sem tekur ákvörðun um ráðningu starfsmanna.*

*Menntun:*

Fjarðabyggð leggur áherslu á að nám verði staðsett í þeim landshlutum þar sem sjókvíaeldi fer fram og að framhaldsskólar sem þar starfa verði eflir með auknu námsframboði þessu tengt og tryggt aðgengi að fjármögnun sem því þarf að fylgja. Horft er til þess að eitt af markmiðum Umhverfissjóðs sjókvíaeldis sé að efla menntun á sviði sjókvíaeldis. Aðgengi og uppbygging menntunar í nærumhverfi fiskeldisins

skiptir miklu máli og er hluti af þeim jákvæðu samfélagslegu áhrifum sem af ungum atvinnugreinum eins og fiskeldi getur hlotist.

Ísafjarðarbær lýsir yfir stuðningi við Umhverfissjóð og menntasjóð sjókvíældis og telur mikilvægt er að efla rannsóknir og menntun í greininni, svo hún fái að blómstra á sterkum grunni þekkingar og rannsókna, fyrir umhverfið og samfélögin sem á henni byggja. Þá vill Ísafjarðarbær undirstrika mikilvægi þess að menntunar- og rannsóknartækifæri verði til staðar í nærsamfélögum sjókvíældis.

*Þau nýmæli er að finna í frumvarpinu að hlutverk Umhverfissjóðs er útvíkkað og nær það nú einnig til styrkveitinga til einstaklinga sem víja mennta sig á sviði lagareldis. Almenn menntamál heyra undir mennta- og barnamálaráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. Eins hafa sjókvíældisbyggðir tækifæri á að ráðstafa því fé sem kemur inn í gegnum Samfélagssjóðinn til menntamála, engin skilyrði eru settar um þær iðjarveitingarnar. Hafa því sveitarfélög fjálsar hendur um að forgangsraða í verkefni sem þau teja brýnust.*

## Opinberir aðilar

### Fiskistofa

Í umsögn Fiskistofu er bent á að skilgreina þurfi hvaða eftirlitsstofnun sinni eftirliti með eldisþætti fiskræktarstarfsemi, þ.e. í eldisstöðinni. Í umsögn Fiskistofu er réttilega bent á að í 2. gr. frumvarp til laga um lagareldi segir að lögin gildi ekki um fiskrækt. Frumvarpið gildir engu að síður um landeldi, en það hugtak er í frumvarpinu skilgreint sem „Geymsla, gæsla, fóðrun og önnur meðhöndlun fiska í eldiseiningum“. Landeldi sem stundað er til að ala seiði til fiskræktar fellur því undir gildissvið frumvarpsins. Í 105. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Matvælastofnun skuli hafa eftirlit með landeldi og landeldisstöðvum.

Í umsögn Fiskistofu er einnig fjallað um 43. gr. frumvarpsins og bent á að huga þurfi að valdheimildum Matvælastofnunar til að mæla fyrir um veiði í netlögum eða veiðivötnum. Matvælaráðuneytið bendir á að þegar um er að ræða veiði í veiðiám eða vötnum þá gildir 45. gr. frumvarpsins en þar er kveðið á um að Matvælastofnun, í samráði við Fiskistofu, skuli ákvarða hvort leita skuli að strokufiski í ám. Líkt og segir í athugasemdum um ákvæði 45. gr. er þessi háttur hafður á svo að tryggt sé að Matvælastofnun, sem hefur yfirstjórnunarhlutverk þegar kemur að fiskeldi, nýti sérþekkingu Fiskistofu sem hefur framkvæmdar- og eftirlitshlutverk skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Að mati matvælaráðuneytisins tryggir þessi framkvæmd betri yfirsýn fyrir Matvælastofnun án þess að skerða mikilvæga aðkomu Fiskistofu.

### Hafrannsóknastofnun

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er fyrirkomulag 6. gr. frumvarpsins um tillögu að áhættumati erfðablöndunar gagnrýnt.

Líkt og rakið er í umsögninni var í frumvarpsdrögum, sem kynnt voru á [samráðsgátt stjórnvalda](#) þann 6. desember sl., gert ráð fyrir að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar að áhættumati erfðablöndunar væri ekki bindandi fyrir ráðherra. Var breytingin rökstudd með eftirfarandi hætti:

Hlutverk Hafrannsóknastofnunar samkvæmt núgildandi lögum hefur verið gagnrýnt nokkuð þar sem hlutverk stofnunarinnar er í mörgum tilvikum talið svipa til stjórnsýsluhlutverks en mikilvægt er að ekki leiki vafi á stjórnsýslulegri stöðu stofnunarinnar. Þessi gagnrýni kom t.a.m. fram í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar sem benti á að úthlutun og skipting á hámarkslífmassa á milli fjarða sé ákvörðun um skiptingu verðmæta milli svæða og í sumum tilfellum fyrirtækja sem

hljóti að teljast stjórnvaldsákvörðun. Það sama eigi einnig við um skiptingu eldissvæða. Til að bregðast við framangreindu er í frumvarpi þessu lagt til að verkefni Hafrannsóknastofnunar er lúta t.a.m. að áhættumati erfðablöndunar og burðarþolsmati séu í formi ráðgjafar. Hin endanlega stjórnvaldsákvörðun mun eftir atvikum vera í höndum stjórnvalda eða ráðherra.

Í umsögnum við frumvarpið var framangreind breyting gagnrýnd harðlega. Bárust t.a.m. umsagnir frá Landssambandi veiðifélaga, Icelandic Wildlife Fund og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi þar sem lagst var gegn breytingunni.

Til þess að koma til móts við framangreinda gagnrýni var umræddu ákvæði breytt aftur í upprunalegt horf í frumvarpi því sem lagt var fyrir Alþingi. Ráðuneytið er þó enn þeirrar skoðunar að heppilegra væri að áhættumat erfðablöndunar væri ekki bindandi fyrir ráðherra enda vegur slíkt fyrirkomulag að sjálfstæði Hafrannsóknastofnunar sem óháðrar rannsókn- og ráðgjafastofnunar.

### *Matvælastofnun*

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram það sjónarmið að skýrsluskil sem um er rætt í 36. gr. frumvarpsins verði vikuleg í stað mánaðarleg. Í frumvarpsdrögum, sem kynnt voru á [samráðsgátt stjórnvalda](#) þann 6. desember sl., var gert ráð fyrir að skýrsluskil yrðu vikuleg. Í frumvarpinu sem lagt var fyrir Alþingi var þessu breytt í mánaðarleg skýrsluskil en að stofnunin hafi „jafnframt heimild til að krefjast tímabundið tíðari skýrsluskila ef tilefni er til“. Er þetta breyting frá núgildandi lögum þar sem engin heimild er til handa Matvælastofnun að óska eftir tíðari skýrsluskilum. Var þessi leið farin í frumvarpinu þar sem eftirlit Matvælastofnunar yrði áhættumiðaðra með þessu móti, þ.e. að í stað þess að Matvælastofnun myndi fá allar skýrslu vikulega þá myndi Matvælastofnun meta í hverju tilviki fyrir sig hvenær þess væri þörf.

### *Skipulagsstofnun*

Í umsögn Skipulagsstofnunar er ábending sem lýtur að bráðabirgðaákvæði III og útfærslu þess. Segir nánar tiltekið í umsögn Skipulagsstofnunar:

Ekki er ljóst hvort ákvæðið taki einnig til þess lífmassa sem er óúthlutað miðað við fyrirbyggjandi burðarþolsmat. Í janúar sl. var samanlagt burðarþol þeirra fjarða sem metnir hafa verið 144.500 tonn en leyfilegur lífmassi skv. rekstrarleyfum 103.300 tonn. Að mati Skipulagsstofnunar er mikilvægt að skýrt verði kveðið á um hvernig fara skuli með þann lífmassa sem ekki hefur þegar verið úthlutað miðað við fyrirbyggjandi burðarþolsmat.

Líkt og segir í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis III þá skal, ef aðeins einn rekstrarleyfishafi er með starfsemi á tilteknu smitvarnasvæði við gildistöku laganna, miða við að lífmassi samkvæmt rekstrarleyfi sem þá er í gildi sé leyfilegur lífmassi. Sem dæmi mætti hugsa sér að rekstrarleyfi sem er í gildi í dag sé með lífmassa upp á 10.000 tonn. Þessi rekstrarleyfishafi er einn á smitvarnasvæði og þá er leyfilegur lífmassi þess smitvarnasvæðis 10.000 tonn en Matvælastofnun mun halda skrá um lífmassa smitvarnasvæða, sbr. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Sé hámarkslífmassi þessa smitvarnasvæðis hins vegar 12.000 tonn geti rekstrarleyfishafinn sótt um 2.000 tonna hækkun á leyfilegum lífmassa sínum. Hugsun frumvarpsins var að þetta ætti jafnt við þegar endurskoðun Hafrannsóknastofnunar á burðarþolsmati leiðir til hækkunar og **þegar um er að ræða umframlífmassa samkvæmt fyrirbyggjandi burðarþolsmati**. Eftir sem áður þyrfti umsókn um hækkun að fara eftir ákvæðum V. kafla frumvarpsins, sbr. 2. mgr. 32. gr. Þyrfti því t.a.m. umsækjandi að afla staðfestingar Skipulagsstofnunar um hvort að fyrirhuguð framkvæmd sé matsskyld eða ekki.

Svo ljóst sé hver hugsun frumvarpsins sé tekur matvælaráðuneytið undir með Skipulagsstofnun um að æskilegt sé að upplýst verði í nefndaráli atvinnuveganefndar hvernig fari með umframlífmassa skv. frumvarpinu. Þá væri jafn framt æskilegt að breyta 32. gr. frumvarpsins á þann veg að ákvæðið taki

bæði til þess þegar endurskoðun Hafrannsóknastofnunar á burðarþolsmati leiðir til hækkunar og þegar um er að ræða umframlífmassa samkvæmt fyrirliggjandi burðarþolsmati.

Í umsögn Skipulagsstofnunar er bent á að ráðlagt sé að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun verði bætt við upptalningu 121. gr. frumvarpsins sem fjallar um aðgang að miðlægu gagnakerfi. Matvælaráðuneytið gerir ekki athugasemd við þá ábendingu.

Að endingu bendir Skipulagsstofnun á að skýrar megi koma fram að sjókvíar séu háðar byggingarleyfi. Í 3. mgr. 30. gr. frumvarpsins kemur fram það skilyrði að framkvæmdir við sjókvíar „samræmist lögum um mannvirki eftir því sem við á“. Er ákvæðið nýmæli frá gildandi lögum og ætlað að taka á því atriði að sjókvíar séu háðar byggingarleyfi.

### *Umhverfisstofnun*

Í umsögn Umhverfisstofnunar er ábending sem lítur að stjórn vatnamála. Bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt sé að gögn sem aflað er við vöktun sjókvíaeldis skili sér inn á skilagátt stjórnar vatnamála. Í 9. gr. reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála segir að Hafrannsóknastofnun leggi til „gögn um lífríki og um vatnsformfræðilega og eðlisefnafræðilega þætti strandsjávar í umsjón hennar ásamt sérfræðipækningu sinni og hefur samræmingarhlutverk á því sviði.“ Samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar segir að þessi gögn séu ætluð til notkunar fyrir opinbera aðila, almenning og Umhverfisstofnun. Matvælaráðuneytið er sammála því að mikilvægt sé að tryggt sé að framangreindri skyldu sé sinnt. Ráðuneytið bendir þó á, líkt og kemur fram 4. másl. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, að rannsóknir og vöktun Hafrannsóknastofnunar á vatnshlotum eða öðrum afmörkuðum hafsvæðum koma ekki í stað eftirlits Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfishafa með áhrifum af sjókvíaeldi innan eldissvæða.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er jafnframt fjallað um 32. gr. frumvarpsins sem fjallar um úthlutun aukins burðarþols. Segir í umsögn Umhverfisstofnunar að mikilvægt sé að fram komi í ákvæðinu sú krafa að meta þurfi áhrif aukins burðarþols á umhverfismarkmið vatnshlotsins sem burðarþolið nær til. Af þessu tilefni bendir matvælaráðuneytið á að ákvæði 32. gr. fjallar aðeins um úthlutun aukins burðarþols en eftir sem áður gilda reglur 5. gr. frumvarpsins um hvernig burðarþol skuli metið. Kemur því ekki til hækkunar á burðarþoli nema uppfyllt séu umhverfismarkmið sem sett eru samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.

Í umsögn stofnunarinnar kemur að lokum fram að mögulega þurfi að breyta lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til samræmis við frumvarpið. Frumvarp til laga um lagareldi leiðir ekki til þess að slíkar breytingar séu nauðsynlegar. Að öðru leyti gerir matvælaráðuneytið ekki athugasemdir við ábendingar Umhverfisstofnunar.

### **Magna lögmenn**

Með erindi, dags. 15. maí, sendi Flóki Ásgeirsson, f.h. Magna lögmanna, inn álit til atvinnuveganefndar. Í álitinu er rakið að á Alþingi hvíli sú stjórnskipulega skylda við meðferð lagafrumvarpa að leggja mat á hvort lagasetning rúmist innan þeirra marka sem stjórnarskráin setur, sbr. dóm Hæstaréttar frá 26. október 2022 í máli nr. 20/2022. Með vísan til þessa er í álitinu komist að þeirri niðurstöðu að Alþingi geti ekki fullnægt stjórnskipulegri skyldu sinni til að leggja mat á hvort frumvarp til laga um lagareldi rúmist innan þeirra marka sem stjórnarskráin setur án þess að fram fari mat á því hvort efni frumvarpsins samrýmist þeirri vernd sem veiðiréttur veiðiréttarhafa samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði nýtur samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að markmið laganna sé m.a. það að tryggja verndun villtra nytjastofna. Með lögum nr. 101/2019, sem breyttu lögum nr. 71/2008, var áhættumat erfðablöndunar lögfest en matið er í grundvallaratriðum óbreytt í frumvarpi því sem hér ræðir.

Megintilgangur matsins er sá að gætt sé ýtrustu varúðar við fiskeldi með því að grundvalla ákvarðanir því tengdu á ráðgjöf vísindamanna. Þannig er markmið áhættumatsins að draga úr mögulegum skaðlegum áhrifum af erfðablöndun eldislaxa við nytjastofna villtra laxa. Þannig gerir áhættumatið ráð fyrir því að óafturkræfum skaða sé valdið eða sjálfbærri nýtingu villts stofns sé stefnt í hættu ef fjöldi eldislaxa fer yfir tiltekin viðmiðunarmörk. Er Hafrannsóknastofnun gerir tillögu til ráðherra um það magn frjórna laxa sem heimilt er að ala í sjó hverju sinni er tekið mið af þessum viðmiðunarmörkum. Með þessu móti er gætt að því að sjálfbærri nýtingu villtra nytjastofna sé ekki stofnað í hættu og því ekki gengið að eignarréttarvernd veiðiréttarhafa samkvæmt lögum nr. 61/2006 samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Líkt og segir í lögfræðialiti Víðis Smára Petersen, sem sent var atvinnuveganefnd þann 3. maí sl., er áhættumatið þannig „nauðsynlegt til þess að tryggja verndun vistkerfisins og er einnig nauðsynlegur hlekkur til þess að skapa jafnvægi á milli hagsmuna sjókvíaeldis og veiðiréttarhafa samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.“

Með vísan til framangreinds var við undirbúning frumvarpsins ekki talin sérstök þörf, umfram það segir almennt um stjórnskipulegt gildi frumvarpsins í tengslum við almannahagsmuni og verndun villtra nytjastofna, á að leggja mat á hvort efni frumvarpsins samrýmist stjórnarskrármæltum eignarréttindum veiðiréttarhafa samkvæmt lögum nr. 61/2006.

Líkt og segir þó í áðurnefndum dómi Hæstaréttar í máli nr. 20/2022, þá hvílir á endanum á Alþingi sú stjórnskipulega skylda að leggja mat á hvort löggjöfin samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar.